



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 24.1.2025
Málsnúmer: 202411-0034
SS

Efni: Borgarlína, lota 1. Rammahluti aðalskipulags.

Vísað er í erindi frá Reykjavíkurborg úr Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, dags. 20. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að rammahluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 fyrir Borgarlínu, lotu 1, Ártúnshöfði-Hamraborg.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um vinnslutillögu rammahlutans í forkynningu þann 27. maí 2021. Þar komu einkum fram ábendingar um mikilvægi þess að huga að áhrifum framkvæmdar og reksturs Borgarlínunnar á þeim svæðum þar sem lega Borgarlínunnar fer um náttúrusvæði sem eru mikilvæg fyrir lífríki. Innan Reykjavíkur eru þetta Elliðavogur þar sem Borgarlínan þverar tvær kvíslar Elliðaánna, Reykjavíkurtjörn og Vatnsmýri og Fossvogur sem verður þveraður um Fossvogsbrú.

Samhliða rammahlutanum er umhverfismatsskýrsla framkvæmdar við Borgarlínu, lotu 1, í kynningu hjá Skipulagsstofnun. Náttúrufræðistofnun veitir einnig umsögn um umhverfismatsskýrsluna og eru efnisatriði þeirrar umsagnar að mestu þau sömu og hér er fjallað um.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér rammahlutann og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Borgarlínan liggur að mestu um manngert umhverfi með fáa snertifleti við lítt snortna náttúru, náttúruminjar með verndargildi eða mikilvæg búsvæði lífvera, með nokkrum undantekningum sem eru þeir hlutar línunnar sem liggja um Elliðavog og yfir Elliðaárna, framhjá Reykjavíkurtjörn og Vatnsmýri, og yfir Fossvog á Fossvogsbrú eins og áður hefur komið fram. Elliðavogur og Elliðaár og Reykjavíkurtjörn/Vatnsmýri eru skráð á núgildandi náttúruminjaskrá (C-hluta).

Framkvæmd Borgarlínunnar mun valda raski á hluta leira í Vestari kvísl Elliðaánna í innanverðum Elliðavogi sem og á gróðurfari innan svæðisins sem er á náttúruminjaskrá. Þá getur bæði framkvæmd og rekstur Borgarlínunnar á svæðinu haft áhrif á lífríki, í og við Elliðaárna. Elliðaár verða þveraðar á tveimur stöðum. Ekki liggur fyrir endanleg útfærsla brúa fyrir þær þveranir og því óvissa um endanlegt umfang áhrifa á vatnafar. Áhrifin eru talin verða meiri í Vestari kvíslinni þar sem þverunin er breiðari. Við Elliðaár verður nokkuð rask á gróðri, en lítið er um upprunalegt gróðurfur, það er að mestu einkennandi fyrir röskuð svæði. Ekki þarf því að hafa áhyggjur af því að plöntutegundir eða gróðursamfélög með hátt verndargildi verði fyrir raski. Búsvæði fugla á svæðinu eru einnig sum manngerð t.d. settjarnir sem fuglar sækja í. Þeim verður að hluta til raskað en stefnt er að öðrum sambærilegum ofanvatnslausnum í nágrenninu sem geta bætt það upp. Stærsti áhrifabátturinn er mögulegt rask og truflun á framkvæmda- og rekstrartíma vegna þverunar Elliðaánna og áhrif á leirusvæði í Vestari kvíslinni sem eru búsvæði fyrir ýmsa fugla einkum vaðfugla, máfa og andfugla. Vegna nálægðar við stofnbrautir með mikilli bílaumferð og ýmsa starfsemi er lífríki svæðisins aðlagð ýmis konar áreiti af mannavöldum en ljóst er að umferð Borgarlínu yfir nýjar brýr mun bæta við meira álagi og á nýju svæði. Hljóð- og ljósmengun getur haft fælandi áhrif á fugla, fiska og önnur dýr og taka þarf tillit til þess eins og hægt er við hönnun og rekstur



Borgarlínunnar. Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar er ítarlegri umfjöllun um hönnunaráherslur en í rammahlutanum og þar kemur fram að stefnt sé að vistvænni hönnun m.a. í lýsingu og til að draga úr hættu á mengun frá afrennsli m. hönnun ofanvatnslausna og með því að forðast að hreyfa of mikið við menguðum jarðvegi í Geirsnefi. Þá er tefnt að árlegri vöktun á seiðastofnum í vestari kvísl Elliðaánna til viðbótar við vöktun sem þegar er til staðar.

Framkvæmd Borgarlínu mun ekki valda raski á Reykjavíkurtjörn, en hætt hefur verið við hugmyndir um landfyllingu út í Tjörnina, og er það mjög jákvætt að mati Náttúrufræðistofnunar. Rekstur Borgarlínunnar getur haft einhver áhrif á fuglalíf bæði við Reykjavíkurtjörn og í Vatnsmýri þar sem Reykjavíkurborg hefur skilgreint friðland fyrir fugla. Ekki er talið að áhrif verði á vatnafar Reykjavíkurtjarnar vegna framkvæmda en framkvæmdir næst austurenda Vatnsmýrarvotlendisins verða staðsettar mjög nálægt mörkum þess. Helst er hætt á mögulegri mengun og er ánægjulegt að sjá að samkvæmt hönnunaráherslum er stefnt að því að frárennsliskerfi í Tjörnina verði þess eðlis að draga úr hættu á að mengun frá yfirborði berist í Tjörnina þegar úrkoma er mikil. Þar sem almenn bílaumferð kringum Reykjavíkurtjörn mun dragast mjög saman er mögulegt að hætta á mengun minnki. Stefnt er að því að vakta vel breytingar á vatnafari alls staðar þar sem áhrifa gæti gætt af framkvæmdum Borgarlínu. Mikilvægt er að taka tillit til truflunar fyrir fuglalíf vegna framkvæmda, sérstaklega á varptíma.

Hluti Fossvogs er friðlýstur, annars vegar vegna fjörulífríkis og búsvæða fugla, í lögsögu Kópavogs, og hins vegar vegna jarðminja (Fossvogsbakka) í landi Reykjavíkur, en hvorugt friðlýst svæðið er innan þess svæðis sem raskast vegna Fossvogsbrúar eða annarra framkvæmda tengt Borgarlínu. Þá hefur Fossvogurinn allur verið tilnefndur af Náttúrufræðistofnun fyrir B-hluta náttúruminjaskrár, sem hluti af tillögusvæðinu Skerjafjörður-Álftanes. Fjallað hefur verið um umhverfisáhrif Fossvogsbrúar þ.m.t. nauðsynlegra landfyllinga í Fossvogi í sérstöku umhverfismati. Landfyllingar í Reykjavík vegna brúarinnar hafa lítil áhrif á lítt snortin fjörusvæði, en huga þarf vandlega við hönnun og framkvæmdir að vatnsskipti séu tryggð og að mengun og önnur truflun sé í algjöru lágmarki á framkvæmdatíma. Einnig þarf að huga að því hvernig rekstur Borgarlínunnar um Fossvogsbrú getur haft áhrif á lífríki t.d. fugla og seli og taka tillit til þess við hönnunaráherslur.

Á öðrum svæðum sem Borgarlínan liggur um er víða stefnt að ýmsum breytingum á ræktuðum gróðri, sums staðar þarf að fjarlægja gróður og annars staðar er stefnt að bæta honum við sem hluti af hönnun. Aukið magn ræktaðs gróðurs í rýminu næst Borgarlínunni getur gefið tækifæri fyrir líffræðilega fjölbreytni af ýmsum toga til að nýta sér slík rými sem búsvæði þ.m.t. garðfuglar, ýmis smádýr, sveppir og plöntur. Þeim mun meira rými sem hægt er að skapa fyrir gróður þeim mun betra fyrir þetta borgarlífríki. Jákvætt er að þetta er ávarpað í áherslum um vistvæna hönnun. Þá má huga að því við hönnun að framandi ágengar plöntutegundir geta nýtt sér slík rými til útbreiðslu og reyna skal að forðast að skapa skilyrði fyrir það, og huga að því að uppræta slíkar tegundir á framkvæmdatíma. Má benda á í því samhengi að bæði við Elliðaár og í Vatnsmýri hefur skógarkerfill breiðst mikið út og er til vandræða.

Umhverfisskýrsla rammahlutans áætlað að fyrsta lota Borgarlínunnar muni hafa neikvæð áhrif á náttúruminjar í Reykjavík. Er það í samræmi við niðurstöðu umhverfismats framkvæmdarinnar sem metur áhrif á lífríki og vatnafar nokkuð neikvæð. Mikilvægt er að áformum um mótvægisáðgerðir þ.m.t. ýmsar áðgerðir í vistvænni hönnun sé fylgt eftir.



Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs